

**Ed. 482. Frumvarp til laga [186. mál]**

um breyting á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

**1. gr.**

3. málsgr. 1. gr. falli niður.

**2. gr.**

Síðasta málsgr. 1. gr. orðist þannig:

Framleiðsluráð ræður sér framkvæmdastjóra og annað starfslið, eftir því sem þörf krefur.

**3. gr.**

Á eftir 5. tölulið 2. gr. komi:

Í því skyni heimilast Framleiðsluráði landbúnaðarins:

- a. Að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð til framleiðenda eftir árstímum og innheimta verðjöfnunargjald af innveginni mjólk.
- b. Að ráðstafa því fé, sem fást kann í verðmiðlunarsjóð skv. a- og b-lið, til verðuppbóta á þær vörur, sem framleiðsluráð telur þörf á, svo sem til útflutningsuppbóta til viðbótar því fé, sem greitt er úr ríkissjóði skv. 12. gr.

Gjöld þau, sem um ræðir skv. a- og b-lið, hafa ekki áhrif á útsöluverð landbúnaðarvara til neytenda.

#### 4. gr.

8. töluliður 2. gr. orðist þannig:

Að verðskrá landbúnaðarvörur í einstökum atriðum á grundvelli verðákvarðana samkvæmt 6. og 7. gr., enda sé sú verðskráning samþykkt af Sexmannanefnd.

#### 5. gr.

Við 4. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Í verðlagsgrundvelli skal, sbr. ákvæði 6. gr., tilfæra ársvinnutíma bóndans, skylduliðs hans og hjúa á húi af þeirri stærð, sem miðað er við hverju sinni, og virða vinnutíma til samræmis við kaupgjald verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, eins og það er við upphaf hvers verðlagstímabils. Eigi skal þó taka til viðmunar ákvæðisvinnu verkamanna og iðnaðarmanna né aflahlut sjómanna.

Til kaupgjalds teljast hvers konar samningsbundin fríðindi.

#### 6. gr.

5. gr. orðist svo:

Nefnd sex manna, tilnefnd af samtökum framleiðenda og neytenda, skal á grundvelli ákvæða 4. gr. ákveða afurðaverðið til framleiðenda og verð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu, samkvæmt nánari ákvæðum þessara laga. Af hálfu framleiðenda hefur stjórn Stéttarsambands bænda rétt til þess að tilnefna tvo menn, en Framleiðsluráð landbúnaðarins einn mann, en af hálfu neytenda hafa stjórnir eftirtalinna samtaka rétt til þess að tilnefna einn mann hvert: Alpýðusamband Íslands, Landssamband iðnaðarmanna og Sjómannafélag Reykjavíkur. Tilnefningu fulltrúa í Sexmannanefnd skal lokið 15. júlí ár hvert. Nú notar einhver aðili ekki rétt sinn til tilnefningar, og skal landbúnaðarráðherra þá tilnefna í stað þeirra samtaka framleiðenda, er ekki nota rétt sinn, en félagsmálaráðherra á sama hátt í stað samtaka neytenda. Nefndin skal fullskipuð 1. ágúst ár hvert.

Hagstofustjóri og forstöðumaður búreikningaskrifstofunnar skulu vera nefndinni til aðstoðar.

#### 7. gr.

1. málgr. 6. gr. orðist svo:

Sexmannanefnd skal leitast við að ná samkomulagi um verðlagsgrundvöll, þar sem kveðið er á um framleiðslukostnað og magn afurða og um verð til framleiðenda á einstökum landbúnaðarvörum. Náist um slíkan verðlagsgrundvöll samkomulag, er stutt sé af meiri hluta nefndarmanna, skal verð það til framleiðenda, sem í honum felst, gilda við verðlagningu landbúnaðarvara frá byrjun viðkomandi verðlagsárs.

#### 8. gr.

Við 2. málgr. 6. gr. bætist eftirfarandi:

Þegar rætt er í Sexmannanefnd um álagningu á búvöru í smásölu, ber að gefa fulltrúum Kaupmannasamtaka Íslands kost á að sitja fundi nefndarinnar með málfrælsi og tillögurétti.

#### 9. gr.

3. mgr. 6. gr. orðist svo:

Nú næst ekki meiri hluti í Sexmannanefnd varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar samkvæmt 1. málgr. þessarar greinar, eða varðandi verðlagningu söluvara skv. 2. málgr. þessarar greinar, og skal þá vísa ágreiningnum til sáttasemjara ríkisins. Skal sáttasemjari leitast við að finna málamiðlun í ágreiningsatriðum og leggja fram tillögur þeim til úrlausnar, er meiri hluti fæst fyrir í nefndinni. Heimilt er sáttasemjara að leita álits þeirra aðila, er annast tilnefningu í Sexmannanefnd,

um ágreiningsatriði varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar eða verðlagningu söluvara. Beri sáttaumleitanir ekki árangur innan þess tíma, er 7. gr. kveður á um, skal skipa 3 manna nefnd, er felli fullnaðarúrskurð. Hvor nefndarhluti Sexmannanefndar hefur rétt til þess að tilnefna mann í þá nefnd, þó ekki úr hópi nefndarmanna, en oddamaður skal tilnefndur af nefndinni í heild. Nú fær enginn stuðning meiri hluta Sexmannanefndar sem oddamaður, og tilnefnir þá hæstiréttur oddamanninn. Nú notar annar eða báðir nefndarhlutar ekki rétt sinn til tilnefningar, samkv. 4. málslíð, og tilnefnir þá landbúnaðarráðherra af hálfu framleiðenda, ef þeir nota ekki rétt sinn, en félagsmálaráðherra af hálfu neytenda. Þó er ráðherrum eigi heimilt að tilnefna menn, sem eiga sæti í Sexmannanefnd.

#### 10. gr.

4. mgr. 6. gr. orðist svo:

Ákvæði um úrskurð samkvæmt ákvæðum 3. málsg. 6. gr. gilda meðan verð landbúnaðarvara er greitt niður með opinberu fé eða greiddar eru útflutningsuppbætur á þær úr ríkissjóði.

#### 11. gr.

7. gr. orðist svo:

Verðlagsgrundvöllur til ákvörðunar afurðaverðs til framleiðenda skv. 3. gr. gildir fyrir tvö ár í senn frá byrjun verðlagstímabils 1. september, og skal hann vera tilbúinn fyrir þann tíma ár hvert, nema annað sé ákveðið með samkomulagi í Sexmannanefnd. Þó skal taka inn verðlagsbreytingar reksturskostnaðar skv. útreikningum Hagstofu Íslands, en launabreytingar og breytingar á vinnslu- og dreifingarkostnaði fara eftir ákvæðum 9. gr. Þó gildir verðlagsgrundvöllur sá, er ákveðinn verður haustið 1966, aðeins í eitt ár. Verðlagsgrundvöllur hvers tímabils framlangist sjálfkrafa um tvö ár í senn, ef honum er ekki sagt upp af fulltrúum framleiðenda eða fulltrúum neytenda fyrir 1. júní á því ári, sem óskað er breytinga á honum. Þó getur nefndin komið sér saman um annan frest. Þegar verðlagsgrundvelli hefur ekki verið sagt upp, færir Hagstofa Íslands hann fram til viðkomandi verðlagsárs í samræmi við áorðnar breytingar á verðlagi og kaupgjaldi eftir útreikningsreglum, sem ákveðnar hafa verið af Sexmannanefnd.

#### 12. gr.

Við 8. gr. bætast þrjár nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Búreikningaskrifstofa ríkisins skal afla árlega rekstursreikninga frá bændum, nægjanlega margra að dómi Hagstofu Íslands, er sýni raunverulegan framleiðslukostnað landbúnaðarvara. Skulu þeir vera tilbúnir og uppgerðir fyrir 15. júní ár hvert fyrir næsta ár á undan. Reikningar þessir skulu vera til afnota fyrir Hagstofu Íslands og Sexmannanefnd. Stjórn Búreikningaskrifstofunnar, ásamt Hagstofu Íslands, skipuleggur þetta starf hennar að fengnum tillögum frá Sexmannanefnd.

Sexmannanefnd getur ákveðið að efna til sérstakra rannsókna í því skyni að fá betri upplýsingagrundvöll fyrir þau atriði, er máli skipta fyrir verðlagningu landbúnaðarafurða, svo sem framleiðslu- og dreifingarkostnað, vinnutíma o. fl. Skylt er að stofna til slíkra rannsókna, ef 3 nefndarmanna eða fleiri krefjast þess. Skal nefndin í því efni leita samstarfs við Hagstofu Íslands, Búreikningaskrifstofu ríkisins og aðrar opinberar stofnanir, að því leyti sem rannsóknir þessar snerta starfssvið viðkomandi stofnana. Að því leyti, sem umræddar stofnanir telja sig ekki geta látið í té starfslíð til þess að framkvæma þær rannsóknir, er Sexmannanefnd hefur ákveðið að fram skuli fara, er nefndinni heimilt að ráða til þess nauðsynlegt starfslíð, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum að láta þeim, er rannsóknirnar framkvæma, í té nauðsynlegar upplýsingar.

13. gr.

2. málsg. 9. gr. orðist svo:

Nú telur Framleiðsluráð landbúnaðarins rétt að nota heimild til verðbreytingar samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar, og skal það tilkynna Sexmannanefnd áform sitt í því efni. Skal þá Sexmannanefnd taka málið til meðferðar og ákvörðunar og því skotið til úrskurðar skv. 3. málsg. 6. gr., ef ekki fæst meiri hluti í Sexmannanefnd um afgreiðslu þess.

3. málsgrein 9. gr. orðist svo:

Nú telur framleiðsluráð rétt að breyta söluverði landbúnaðarvöru til samræmis við breytingu, sem orðið hefur á vinnslu- og dreifingarkostnaði, og skal það þá án tafar tilkynna Sexmannanefnd áform sitt í því efni. Skal þá Sexmannanefnd taka málið til meðferðar og ákvörðunar og því skotið til úrskurðar samkvæmt 3. málsg. 6. gr., ef ekki fæst meiri hluti í Sexmannanefnd um afgreiðslu þess.

14. gr.

3. málsg. 10. gr. orðist svo:

Í hvert skipti, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins telur rétt að ákveða sumarverð á kjöti eða garðávöxtum eða að breyta áður ákveðnu sumarverði samkvæmt 1. og 2. málsg. þessarar gr., skal það tilkynna Sexmannanefnd áform sitt í því efni. Skal þá Sexmannanefnd taka málið til meðferðar og ákvörðunar og því skotið til úrskurðar samkvæmt 3. málsg. 6. gr., ef ekki fæst meiri hluti í Sexmannanefnd um afgreiðslu þess.

15. gr.

13. gr. orðist svo:

Kostnaður við framkvæmd II. kafla þessara laga greiðist úr ríkissjóði. Þó skal framleiðsluráð standa straum af kostnaði við öflun gagna skv. ákvæðum 2. málsg. 8. gr., sem það leggur fyrir Sexmannanefnd.

16. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Framleiðsluráð úthlutar sláturleyfum, og má enginn slátra sauðfé til sölu né kaupa fé til slátrunar eða verzla með kjöt af því í heildsölu án leyfis framleiðsluráðs.

Leyfi til slátrunar skal veita öllum félögum og einstaklingum, sem slátrunarleyfi höfðu haustið 1965, svo og þeim, sem eignast hafa slátruhús þessara aðila og tekið við rekstri þeirra.

Framleiðsluráð getur enn fremur veitt öðrum aðilum slátrunarleyfi, eftir því sem það telur ástæðu til. Leyfi samkvæmt þessari málsgrein skulu því aðeins veitt, að aðilar fullnægi skilyrðum 2. gr. laga nr. 5 22. febrúar 1949, um kjötmat o. fl.

Framleiðsluráð getur ákveðið fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands, svo og hvernig kjötið af því fé skuli verkað.

Framleiðsluráð getur svipt leyfishafa slátrunarleyfi, hafi hann ekki greitt hið ákveðna verðjöfnunargjald, eftir að tiltekinn greiðslufrestur hefur verið veittur, eða hafi hann brotið önnur ákvæði laga þessara eða fyrirmæli, sem sett eru samkvæmt þeim.

17. gr.

1. mgr. 21. gr. orðist svo:

Framleiðsluráð verðskráir hrossakjöt á innlendum markaði, samkvæmt ákvæðum 6. gr. og 7. gr.

18. gr.

3. málsliður 1. mgr. 23. gr. orðist svo:

Nú eru starfandi fleiri en eitt mjólkurbú, sem viðurkennd eru af framleiðsluráði og hafa á hendi daglega sölu á mjólk og rjóma til neytenda, skulu þau þá, ef framleiðsluráð ákveður, hafa sameiginlega yfirstjórn, er nefnist samsölustjórn.

19. gr.

1. málsgrein 24. gr. orðist svo:

Á mjólkursölvæðum, þar sem starfandi er samsölustjórn, skv. ákvæðum 23. gr., skal greiða sérstakt gjald af allri neytlumjólk, sem samsalan selur frá mjólkurbúum, félögum eða einstökum mönnum á svæðinu. Heimilt er að taka gjald þetta af fleiri vörutegundum. Gjald þetta nefnist verðjöfnunargjald mjólkursvæða og ákveðst fyrirfram af stjórn hlutaðeigandi mjólkursamsölu og má breyta því eftir því, sem þurfa þykir.

2. málsg. 24. gr. falli niður.

3. málsg. verði 2. málsg. og orðist svo:

Verðjöfnunargjald skal vera til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð er til vinnslu á viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á mjólkursölvæðum. Verðjöfnun innan hvers mjólkursölvæðis skal jafnan miðuð við það, eftir því sem við verður komið, að mjólkurframleiðendur á mjólkursölvæðinu fái sama verð fyrir mjólk sína komna á móttökustöð.

4. málsgrein 24. gr. falli niður.

5. málsgrein 24. gr. verði 3. mgr.

20. gr.

25. gr. orðist svo:

Þar sem samsölustjórn er starfandi samkvæmt ákvæðum 23. gr., skal öll sala og dreifing á neytlumjólk, rjóma og nýju skyri fara fram undir yfirstjórn hennar.

21. gr.

26. gr. falli niður og breytast greinatölur eftir því.

22. gr.

27. gr. verði 26. gr. og niður falli orðin „samanber þó 26. gr.“

23. gr.

28. gr. verði 27. gr., í 1. mgr. falli niður orðin „samanber þó 26. gr.“

Á eftir fyrri málsgrein greinarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú kemur upp deila á milli mjólkurbúa og framleiðenda á einhverju sölvæði um móttöku mjólkur eða önnur atriði varðandi samskipti þessara aðila, og skal þá framleiðsluráð leitast við að jafna ágreininginn milli málsaðila og úrskurða, ef með þarf.

Upphaf 2. málsg., sem verður 3. málsg., orðist svo:

Stjórn mjólkurmálanna á hverju mjólkursölvæði er heimilt ....

24. gr.

34. gr. verður 33. gr. og orðist svo:

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn og rekstur Grænmetisverzlunar landbúnaðarins, sem annast verzlun með kartöflur og annað grænmeti.

25. gr.

35. gr. falli niður.

26. gr.

37. gr. verður 35. gr. og orðist svo:

Grænmetisverzlun landbúnaðarins velur sér umboðsmenn víðs vegar um landið til að annast móttöku á kartöflum og öðrum garðávöxtum. Framleiðsluráð ræður Grænmetisverzlun landbúnaðarins framkvæmdastjóra.

27. gr.

Við 38. gr., sem verður 36. gr., bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Nú hefur framleiðsluráð viðurkennt framangreinda aðila samkvæmt fyrri málsgrein þessarar greinar, og er þá öðrum aðilum óheimilt að afhenda vörur þær, sem hér um ræðir, til smásöluverzlana, nema með leyfi framleiðsluráðs.

28. gr.

Í stað orðsins „Framleiðsluráð“ í 1. og 2. málsgrein 39. gr., sem verður 37. gr., komi: Grænmetisverzlun landbúnaðarins.

29. gr.

40. gr., sem verður 38. gr., orðist svo:  
Framleiðsluráði er heimilt að skipta landinu í sölusvæði, ef ástæða þykir til. Grænmetisverzlun landbúnaðarins sér um, að ávallt sé völ á heilbrigðu, völdu útsæði. Skal hún þess vegna sjá um stofnræktun úrvals kartöfluafriggja með því að semja við einstaka kartöfluframleiðendur um framleiðslu útsæðis af þessum tegundum, og sé þessi ræktun háð ströngu heilbrigðiseftirliti.

30. gr.

Upphaf 42. gr., sem verður 40. gr., orðist svo: Verðmiðlun á kjöti, mjólk, mjólkurvörum, eggjum og kartöflum skal haga þannig: o. s. frv.  
Í stað orðanna „sem seld er til neyzlu“ í b-lið komi: mjólkurbúanna.  
Á eftir c-lið komi nýr liður, er verði d-liður, svo hljóðandi:  
d. Heimilt er að taka verðmiðlunargjald af kartöflum.

31. gr.

1. mgr. 44. gr., sem verður 42. gr., orðist svo:  
Sláturleyfishafar og stjórnir mjólkurmálanna á hverju mjólkursölusvæði og aðrir, sem verzlá með gjaldskyldar vörur samkvæmt c- og d-lið 40. gr., skulu standa framleiðsluráði skil á verðmiðlunargjaldinu samkvæmt fyrirmælum þess.

32. gr.

Í stað orðanna „300—10 000 kr.“ í 1. mgr. 48. gr., sem verður 46. gr., komi: 5000—50 000 kr., og í stað orðanna „20—2000 kr.“ í 2. mgr. komi: 100—10 000 kr.

33. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlzt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., og gefa þau út svo breytt.

34. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., var upp tekið nýtt skipulag á verðlagningu landbúnaðarvara. Verðlagið skyldi byggjast á verðlagsgrundvelli, sem fenginn væri með samkomulagi milli þriggja fulltrúa, sem tilnefndir væru af Stéttarsambandi bænda, og þriggja fulltrúa frá félagssamtökum neytenda: Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna og Sjómannafélagi Reykjavíkur. Næðist ekki samkomulag um einhver atriði varðandi útreikning framleiðslukostnaðar eða verðlagningu landbúnaðarvara, þá skyldi vísa þeim atriðum, er ágreiningur væri um, til fullnaðarúrskurðar sérstakrar yfirnefndar, skipaðrar þremur mönnum, einum til-

nefndum af fulltrúum bænda, öðrum af fulltrúum neytenda og hagstofustjóra sem oddamanni.

Síðan þessi skipan á verðlagningu landbúnaðarvara var lögfest fyrir 19 árum, hefur fimm sinnum komið til kasta yfirnefndar að úrskurða verðlagsgrundvöllinn.

Með bréfi Alþýðusambands Íslands, dags. 26. ágúst 1965, er landbúnaðarráðherra tilkynnt að miðstjórn Alþýðusambandsins hafi ákveðið að afturkalla tilnefningu sína á fulltrúa í Sexmannanefndinni og hætti aðild að störfum nefndarinnar.

Með þessari ákvörðun var starf Sexmannanefndar gert óvirkt.

Verðlagsgrundvöllur til ákvörðunar afurðaverðs til framleiðendanna gildir fyrir eitt ár í senn, frá byrjun hvers verðlagsárs 1. september og skal hann vera tilbúinn fyrir þann tíma ár hvert. Hér var um skamman tíma að ræða og var óhjákvæmilegt að skipa þessu máli með bráðabirgðalögum. Fyrir því voru gefin út bráðabirgðalög nr. 85 11. september 1965, um verðlagningu landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—1966.

Þar sem ríkisstjórnin taldi mikilvægt að samstarfi yrði aftur komið á milli framleiðenda og neytenda um verðlagningu landbúnaðarvara, þá skipaði landbúnaðarráðherra þann 17. nóvember s. l. nefnd sjö manna með það verkefni að leita eftir samkomulagsgrundvelli milli framleiðenda og neytenda, sem afurðasölulöggjöfin yrði byggð á, og koma fram með tillögum í því efni. Ólafur Björnsson, prófessor, var skipaður formaður nefndarinnar. Aðrir nefndarmenn voru tilnefndir af samtökum framleiðenda og neytenda.

Í sjö manna nefnd náðist ekki samkomulag um sameiginlegar tillögur um breytingar á lögum nr. 59/1960, um framleiðsluráð o. fl.

Með bréfi, dags. 26. febrúar s. l., sendi nefndin landbúnaðarráðuneytinu tillögur sínar í frumvarpsformi. Alþingismaður Hannibal Valdimarsson stendur ekki að þeim tillögum, sem aðrir nefndarmenn hafa gert um skipan og störf Sexmannanefndar, og hefur hann samið sérálit um afstöðu sína og tillögur.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er að mestu leyti samhljóða frumvarpi meiri hluta sjö manna nefndar.

Eftir að sjö manna nefnd sendi landbúnaðarráðuneytinu tillögur sínar um breytingar á lögum nr. 59/1960, náðist endanlegt samkomulag með nefndarmönnum, öðrum en Hannibal Valdimarssyni, um efni og orðalag 5. gr. frumvarpsins, um breytingu á 4. gr. laganna.

Breytingin við 15. gr. frumvarpsins og 14. gr. laganna rýmkar heimildir framleiðsluráðs til úthlutunar sláturleyfa og veitir þeim sláturleyfishöfum, sem til þessa hafa haft slík leyfi, tryggingu fyrir sláturleyfum framvegis. Að sjálfsgöðu verða sláturhús þessara aðilja að fullnægja þeim skilyrðum, sem um sláturhús gilda á hverjum tíma, sbr. lög nr. 5/1945, um kjötmat o. fl.

Að öðru leyti vísast til gagna þeirra, sem prentuð eru hér á eftir.

1. Skýrsla um störf sjö manna nefndar og meginniðurstöður hennar.
2. Skýringar sjö manna nefndar við einstakar greinar frumvarpsins.
3. Sérálit Hannibals Valdimarssonar.
4. Breytingartillaga Sæmundar G. Ólafssonar við 4. gr. framleiðsluráðslaganna.
5. Tillögur frá Sæmundi G. Ólafssyni um breytingu á 12. gr. framleiðsluráðslaganna, ásamt greinargerð hans.

#### 1. Skýrsla um störf nefndarinnar og meginniðurstöður:

Um miðjan nóvember s. l. skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til þess að endurskoða gildandi löggjöf um afurðasölu landbúnaðarins.

Í skipunarbréfi nefndarmanna segir svo um verkefni nefndarinnar:

„Það er yfirlýstur vilji ríkisstjórnarinnar, að samstarfi verði komið á milli framleiðenda og neytenda um verðlagningu landbúnaðarvara.

Fyrir því skipar ráðuneytið yður hér með í nefnd, er hafi það verkefni að

leita eftir samkomulagsgrundvelli milli framleiðenda og neytenda, sem afurðasölu-  
löggjöfin yrði byggð á, og koma fram með tillögur í því efni.“

Þessir menn voru skipaðir í nefndina:

Ólafur Björnsson, prófessor, formaður,  
Vilhjálmur Hjálmarsson, fyrrv. alþingismaður,  
Gunnar Guðbjartsson, bóndi, Hjarðarfelli,  
Einar Ólafsson, bóndi, Lækjarhvammi,  
Sæmundur Ólafsson, framkvæmdastjóri,  
Ottó Schopka, viðskiptafræðingur,  
Hannibal Valdimarsson, alþingismaður.

Fyrsti fundur nefndarinnar fullskipaður var haldinn þriðjudaginn 16. nóv.  
1965. Á fyrstu fundum nefndarinnar var um það rætt að ráða nefndinni fastan  
starfsmann, sem m. a. færði fundargerðabók fyrir nefndina. Samþykkti landbúnað-  
arráðherra að verða við tilmælum nefndarinnar um greiðslu kostnaðar vegna  
þessa, en ekki tókst að ráða mann til starfsins, er nefndin taldi eftirsóknarverðan,  
og kaus hún því Ottó Schopka, viðskiptafræðing, ritara sinn, og hefur hann gegnt  
því starfi meðan nefndin starfaði. Hefur nefndin haldið alls 41 fund, en hlé varð á  
störfum nefndarinnar frá 19. des. til 11. jan. vegna fjarveru þeirra nefndarmanna,  
er ekki eru búsettir í Reykjavík.

Í upphafi starfa sinna réð nefndin með samþykki landbúnaðarráðherra Helga  
Ólafsson, hagfræðing, til þess að gera ýmsar athuganir fyrir nefndina, safna skýrsl-  
um og gögnum og vinna úr þeim. Verður starfs hans getið nánar síðar í nefndar-  
álitinu. Þess var einnig farið á leit við Kjararannsóknarnefnd, að hún rannsakaði  
gögn þau, er fyrir liggja um vinnutíma bænda, og léti nefndinni í té umsögn um  
þau. Framkvæmdi Þorvarður Eliasson, viðskiptafræðingur, starfsmaður Kjararann-  
sóknarnefndar athugun þessa, og lét hann nefndinni niðurstöður hennar í té, áður  
en hún lauk störfum.

Í samræmi við erindisbréf nefndarinnar snerust umræður á fundum hennar  
mest um það, hverjar umbætur nauðsynlegt væri að gera á núgildandi löggjöf um  
verðlagningu landbúnaðarvara til þess að grundvöllur fengist fyrir því, að það  
fyrirkomulag, sem upp var tekið með framleiðsluráðslögunum frá 1947, yrði aftur  
starfhæft.

Nefndin taldi það þó innan eðlilegs starfssviðs síns að ræða einnig og athuga  
aðrar leiðir til verðlagningar búvöru en þá, sem farið hefur verið síðan framleiðslu-  
ráðslögin frá 1947 voru sett.

Að áliti nefndarinnar koma þar einkum tvær leiðir til greina. Önnur er sú, að  
sett séu um það nánari fyrirsmáli en í núgildandi löggjöf, við hvaða starfsstéttir  
kaup það, er bóndanum er reiknað í verðlagsgrundvelli, skuli miðað, og á hvaða  
upplýsingum skuli byggð í því efni. Enn fremur verði úr því skorið með nægilega  
viðtækum rannsóknum, hver sé framleiðslukostnaður á meðalbúi og vinnutími bónd-  
ans. Ef þannig mætti takast að byggja upp nægilega traustan upplýsingagrundvöll,  
væri unnt að fela opinberum stofnunum, svo sem Hagstofunni eða Efnahagsstofn-  
uninni, að reikna út verðlagninguna frá ári til árs, þannig að ekki væri lengur  
nauðsynlegt að starfrækja samningakerfi sem það, er framleiðsluráðslögin gera ráð  
fyrir, nema að því leyti, sem nauðsynlegt þætti, að haft yrði eftirlit með útreikn-  
ingum þessum af hálfu framleiðenda og neytenda. Samkvæmt upplýsingum, er  
nefndinni bærust, virðist fyrirkomulag verðlagningar búvöru í Bretlandi byggð á  
slíkum grundvelli.

Hin leiðin, er til greina kæmi, ef hverfa ætti frá verðlagningu á grundvelli  
framleiðsluráðslaganna, væri sú, að bændur ákvæðu verðlagninguna sjálfir, en  
gerðar yrðu þá sérstakar ráðstafanir af opinberri hálfu til þess að halda verðlagi  
búvöru í skefjum, svo sem þær að leyfa innflutning erlendra búvöru með ákveðn-  
um tolli.

Báðar þessar leiðir hafa verið ýtarlega ræddar í nefndinni.

Hvað fyrrnefndu leiðina snertir, eða þá að setja verðlagningunni svo þröngar skorður með löggjöf, að hún verði eingöngu reikningsdæmi, þá er nefndin sam-mála um það, að gera beri ráðstafanir til þess að fá traustari upplýsingagrundvöll fyrir verðlagninguna en nú er fyrir hendi. Gerir nefndin sérstakar tillögur um þetta efni, svo sem síðar verður að vikið.

Hitt er annað mál, að það hlýtur að taka sinn tíma að safna svo öruggum upp-lýsingum um þessi efni, að grundvöllur sé fyrir því, að verðákvörðunin geti þannig orðið reikningsdæmi eitt. Nefndinni hefur því verið ljóst, að því er ekki undir neim-um kringumstæðum að treysta, að málum verði komið í slíkt horf fyrir næsta haust a. m. k. þannig, að aðrar leiðir verður að fara í bili a. m. k. til lausnar þess-um málum.

Nefndin athugaði því einnig þá leið, að verðskráningin yrði í höndum bænda, en jafnframt yrðu gerðar ráðstafanir til þess að halda verðlagningu í skefjum með því að leyfa innflutning erlendra búvöru með ákveðnum tolli. Það gefur þó auga leið, að um innflutning neyzlumjólkur getur þó varla orðið að ræða. At-hugun sú, er nefndin hefur látið gera í þessu efni, nær því aðeins til kjöts, smjör og osta. Sleppt hefur verið að gera hliðstæða athugun varðandi egg og kartöflur, enda hafa framleiðendur þeirra að ýmsu leyti sérstöðu, þar sem um sérhæfða bú-vöruframleiðslu er að ræða, og hvað egginn snertir, þá hafa þau ekki verið verð-lögð af Sexmannanefnd hin síðari ár.

Niðurstöður athugana, sem Efnahagsstofnunin hefur gert um þetta efni, verða birtar hér sem fylgiskjöl við nefndarálit. Athugunin er gerð á þeim grundvelli, að reiknað er með verði því, er nú fæst fyrir þessar afurðir, séu þær fluttar út, að viðbættum nügildandi tolli, 100% og 200% tolli. Til samanburðar er svo verð á þessum vörum eins og það er nú á innlendum markaði. Það kemur í ljós, að miðað við þessar forsendur myndi verð á innfluttu kjöti verða nokkru hærra en verðið er nú, ef miðað er við 100% toll, en verð á smjöri hins vegar nokkru lægra en á innlendum markaði og miklum mun lægra á osti, þannig, að jafnvel 200% tollur myndi eigi nægja til þess að jafna verð á innfluttum osti og þeim, sem seldur er á innlendum markaði. Hér er, samkvæmt áður sögðu, miðað við það verð, er nú fæst fyrir íslenzkar vörur á erlendum markaði, sem innkaupsverð. Hefur Efnahagsstofn-unin gengið út frá þessari forsendu til þess að um fyllilega sambærilega vöru væri að ræða. Gera má hins vegar ráð fyrir því, að ef til innflutnings erlendra búvöru kæmi, myndi raunverulegt verð hennar verða nokkru hærra en samkvæmt upplýs-ingum, en telja má þó vist, að verulegur hluti landbúnaðarframleiðslunnar væri í hættu, ef leyfður yrði innflutningur erlendra búvöru, þó með 100% tolli væri. Erfitt er og að gera sér þess fulla grein, hver áhrif það myndi hafa á verðlagið innanlands, ef að þessu ráði yrði horfið. Efnahagsstofnunin hefur að tilmælum nefndarinnar gert útreikninga á því, hver áhrif það hefði á verðlagið, ef útflut-ingsuppbætur féllu niður, en tæpast er hægt að gera ráð fyrir þeim í sinni núver-andi mynd, ef verðlagning búvöru yrði gefin frjáls, og gert sé í fyrsta lagi ráð fyrir því, að búvöruverð sé við það miðað, að bændur nái þeim tekjum, er núverandi verðlagsgrundvöllur gerir ráð fyrir, en í öðru lagi, að við það sé miðað, að það sama vanti á, að tekjur bænda nái verðlagsgrundvelli, sem nú. Í fyrra dæminu telur Efnahagsstofnunin, að hækka þyrfti verð á þeim vörum, sem nú eru verðlagðar af Sexmannanefnd, um 24.6%. Ef niðurgreiðslur haldast óbreyttar, hækkar vísitala framfærslukostnaðar um 12—13 stig, eða um 6%. Í síðara dæminu myndi verð-hækkun á búvöru nema 18%, en vísitalan hækka um 9 stig eða tæp 5%.

Þá ályktun má af þessu draga, að ekki yrði hjá því komizt, að verulegar verðhækkanir myndi af því leiða, a. m. k. fyrst í stað, ef inn á þessa braut yrði farið. Er hætt við að þær verðhækkanir hlytu að auka útgjöld hins opinbera til muna, þannig að vegið gæti á móti þeim sparnaði, sem af niðurfellingu uppþót-anna leiddi, en engin von er til þess, að launþegarnir tækju verðhækkanirnar á sig bótalaust. Þá má og eigi loka augunum fyrir þeirri hættu, sem innflutningi er-

lendrar búvöru fylgir, þar eð búfjár- og plöntusjúkdómar gætu auðveldlega fylgt í kjölfar hans.

Með tilliti til þeirrar óvissu, sem þannig myndi stefnt út í, ef þessa leið ætti að fara þegar í stað, telur meiri hluti nefndarinnar ekki fært að svo stöddu að leggja slíkt til, og telur því óhjákvæmilegt, að endurreisa verði um sinn það fyrirkomulag, að um búvöruverðið sé samið af fulltrúum framleiðenda og neytenda, svo sem tillögur þær, er ráðuneytinu hafa þegar verið látnar í té, bera með sér, en nánari greinargerð um einstök atriði þeirra tillagna fylgir hér á eftir.

Sú hugmynd hefur þó allmikið verið rædd í nefndinni, að í stað Sexmannanefndar verði tekið upp það fyrirkomulag, að ríkisvaldið gerist samningsaðili við bændur um búvöruverð. Telur einn nefndarmanna, Hannibal Valdimarsson, þá tilhögun eðlilega, svo sem fram kemur í séráliti hans. Aðrir nefndarmenn geta hins vegar ekki á það fallizt, að slíkt tilhögun myndi heppileg, og færa eftirfarandi rök fyrir þeirri afstöðu sinni:

1. Ríkisstjórnin er ekki aðili að þeim viðskiptum, sem hér er um að ræða, heldur framleiðendur og neytendur búvöru.

2. Þar sem hlutverk ríkisstjórnar er auðvitað jöfnum höndum að gæta hagsmuna neytenda og framleiðenda, getur hún að okkar áliti ekki verið fulltrúi annars þessara aðila gagnvart hinum.

3. Erfitt yrði að okkar áliti að tryggja það með löggjöf, að samningsaðstaða bændu gæti orðið svipuð því sem nú er, þar sem við svo öflugan samningsaðila er að etja sem ríkisvaldið. Löggjöf sú, er tryggja ætti bændum slíka samningsaðstöðu, væri sett af ríkissvaldinu, framkvæmd af því og það hefði í hendi sér að breyta henni. Er því að okkar áliti hætt við, að allar ráðstafanir, sem í slíku efni ætti að gera, yrðu óraunhæfar.

4. Þá getum við ekki látið hjá líða, að benda á þá hættu, að miklu meiri ófriður yrði um búvöruverðið, ef semja ætti um það milli ríkisstjórnarinnar og bændu, en nú er. Með aðild ríkisstjórnarinnar að verðlagningunni væri hún dregin inn í hin almennu stjórn málaátök, en slíkt teljum við hvorki bændum né neytendum í hag.

5. Að síðustu bendum við á það, að miklu meiri líkur eru á því, að ákvæði 4. gr. framleiðsluráðslaganna um það, að kaup bóndans skuli vera í samræmi við kaup annarra vinnandi stétta, megi verða raunhæf, ef fulltrúar hinna vinnandi stétta taka sjálfir þátt í því að ákvarða viðmiðunina, en ef slíkt viðmiðun er ákveðin af ríkisstjórninni og bændum.

Nefndin er þó sem fyrr segir sammála um það, að nauðsyn beri til þess að bæta verulega þann upplýsingagrundvöll, sem verðlagningin byggist á. Með breytingartillögum þeim, sem nefndin gerir við 8. gr. framleiðsluráðslaganna, er stefnt að því í fyrsta lagi, að miklu víðtækari og haldbetri upplýsingar fái um raunverulegan framleiðslukostnað í landbúnaðinum en nú eru fyrir hendi. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að Sexmannanefnd fái aðstöðu til þess að framkvæma sjálfstæðar rannsóknir á ýmsum sviðum, er verðlagningu snerta, svo sem rannsóknir á dreifingarkostnaði, vinnutíma o. fl. Hefur nefndin látið gera nokkrar athuganir á báðum síðastnefndu atriðunum, og fylgja niðurstöður þeirra athugana með nefndarálitinu sem fylgiskjöl, en það er áður nefnd athugun Helga Ólafssonar á dreifingarkostnaði og athugun Þorvarðar Elíassonar, viðskiptafræðings, á vinnutíma bændu á grundvelli búreikninga búreikningaskrifstofunnar.

Bætt upplýsingasöfnun og rannsóknir á vegum Sexmannanefndar ætti að geta leitt til þess, að þannig mætti skera úr ýmsu, er ella myndi ágreiningsatriði, og auka þannig líkurnar fyrir samkomulagi um verðlagningu búvöru í Sexmannanefnd.

Eins og getið var um í bréfi til landbúnaðarráðuneytisins þ. 11. febr. s. 1., er afgreiddar voru tillögur nefndarinnar um breytingar á framleiðsluráðslögum, þá lágu fyrir í nefndinni óafgreiddar tillögur um breytingar á 12. og 4. gr. laganna. 12. greinin, er fjallar um ábyrgð ríkissjóðs á útflutningsuppbótum á landbúnaðar-

afurðir, hefur sérstöðu sem ákvæði í framleiðsluráðslögunum. Verða því efni ekki gerð skil án gaumgæfilegrar athugunar, sem tekið hefði svo langan tíma, að slíkt hefði óhjákvæmilega valdið talsverðum drætti á því, að nefndin gæti skilað álit. Nefndin hefur því valið þann kost að taka ekki til meðferðar tillögur þær, er fram hafa verið lagðar, enda lá ekki fyrir ósk frá ráðuneytinu um það, að nefndin fjallaði um þetta mál.

Samkvæmt ósk einstakra nefndarmanna fylgja þó með nefndarálitinu tillögur, sem fram hafa verið lagðar í nefndinni varðandi 12. gr., og greinargerð fyrir þeim.

Sæmundur Ólafsson hefur lagt fram í nefndinni brtt. við 4. gr. framleiðsluráðslaganna, og fylgir hún nefndarálitinu með greinargerð hans.

Aðrir nefndarmenn tjá sig samþykka þeirri grundvallarhugmynd, sem í tillögu þessari felst, en telja sig ekki geta mælt með því, að ákvæði þau, sem í tillögunni felast, verði lögfest, fyrr en sýnt sé, hvornig þeir framkvæmdaörðugleikar, sem á því eru að ákvarða kaupgjaldsliðinn í verðlagsgrundvelli búvöru á þennan hátt, verði leystir.

## 2. Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Lagt er til að þriðja málsgrein falli niður, en ákvæði um þetta komi inn í 6. gr., þar sem Sexmannanefnd hefur allt ákvörðunarvald varðandi dreifingarkostnað búvaranna.

Þá er enn fremur lagt til að umorða síðustu málsgreinina um heimild framleiðsluráðs til að ráða sér nauðsynlegt starfslið í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur.

Um 3. og 4. gr.

Vegna mjög örrar framleiðsluaukningar í landbúnaðinum síðustu ár er nú svo komið að flytja verður meira magn af landbúnaðarvörum úr landinu en áður var. Útflutningstrygging skv. 12. gr. nægir ekki til að bæta verðið til framleiðenda í fullt grundvallarverð. Framleiðsluaukningin er mest í mjólk og vinnsluvörum úr mjólk, en þær gefa mun minna verð á erlendum markaði heldur en sauðfjárafurðir. Þetta orsakar það, að verðfall á framleiðslunni til bænda verður meira við að flytja á erlendan markað mjólkurvörur heldur en ef umframframleiðslan væri sauðfjárafurðir. Því þykir nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að heina framleiðslunni inn á hagkvæmari brautir. Hér er lagt til að bæta við 5. tölulið greinarinnar tveim stafliðum, sem fela í sér, að framleiðsluráði sé í fyrsta lagi heimilt að ákveða og innheimta gjald á erlent kjarnfóður, sem flutt er til landsins. Þetta miðar fyrst og fremst að því að draga úr óhagkvæmri mjólkurframleiðslu. Í annan stað væri framleiðsluráði heimilað að fyrirskipa lægra útborgunarverð til bænda yfir sumartímann, en þá myndast sá toppur á mjólkurframleiðslunni, sem erfiðleikum veldur. Fé því, sem mjólkurbúin héldu þá eftir, ásamt innheimtugjaldi af kjarnfóðri, yrði varið til útflutningsbóta til viðbótar framlagi ríkissjóðs skv. 12. gr. og til að örva þá framleiðslu landbúnaðarvara, sem væri hagkvæmari fyrir bændastéttina og landbúnaðinn í heild.

Heimildir þessar yrðu því aðeins notaðar, að brýnnar skipulagningar sé þörf í þessu efni.

Í 8. lið greinarinnar er lagt til að leiðréttá tilvísun í 6. og 7. gr. í samræmi við breytingar II. kafla, og þarf það ekki skýringar við.

Um 6. gr.

Breytingar þær, sem á þessari grein eru gerðar, hníga að því að tryggja það, að Sexmannanefnd verði starfhæf, þótt einstakir aðilar, sem rétt hafa til tilnefningar í nefndinni, ákveði að nota ekki rétt sinn.

Nefndin telur einnig rétt, að tekin séu af tvímæli um það, að tilnefning hagsmunasamtakanna í Sexmannanefnd sé réttur þeim til handa, en ekki skylda.

Rétt þykir að taka fram, að forstöðumaður Búreikningaskrifstofu ríkisins skuli vera nefndinni til aðstoðar, sbr. og brtt. nefndarinnar við 8. gr.

Um 7. gr.

Með þessari breytingu er afnumið hið svokallaða „neitunarvald“ í Sexmannanefnd, þannig að hér eftir nægir einfaldur meiri hluti í nefndinni til ákvörðunar verðlagsgrundvallar og verðskráningar. Eykur þetta líkurnar fyrir því, að ekki þurfi að koma til úrskurðar yfirnefndar.

Um 8. gr.

Nefndinni þótti eftir atvikum rétt, að Kaupmannasamtök Íslands, sem nú eru málsvari smákaupmanna, fengju skýlausan rétt til þess að eiga aðild að þeim fundum Sexmannanefndar, þar sem fjallað er um álagningu á búvöru.

Um 9. gr.

Hér er um tvö nýmæli að ræða. Annað er það, að gert er ráð fyrir því, að hægt sé að kveðja sáttasemjara ríkisins til, ef ekki hefur náðst samkomulag í Sexmannanefnd fyrir ákveðinn tíma. Breytt er um fyrirkomulag nefndar þeirrar, er úrskurð fellir um verðlagningu búvöru, ef ekki næst meiri hluti fyrir slíkri ákvörðun í Sexmannanefnd. Er gert ráð fyrir því, að hvor nefndarhluti, framleiðenda og neytenda, tilnefni sinn mann hvor, en nefndin í heild oddamann, ef meiri hluti fæst fyrir slíkri tilnefningu, en ella tilnefni hæstiréttur oddamann. Neiti annar hvor nefndarhluta að tilnefna, er gert ráð fyrir lausn hliðstæðri þeirri, er 5. gr. gerir ráð fyrir, ef ekki er tilnefnt í Sexmannanefnd af hagsmunasamtökum þeim, er til þess hafa rétt.

Um 10. gr.

Hér er um orðalagsbreytingu að ræða til samræmis við breytingu þá, er 8. brtt. gerir ráð fyrir.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir því, að framvegis gildi verðlagsgrundvöllur samkv. 3. gr. til tveggja ára í stað eins, svo sem nú er, en það taki þó fyrst gildi frá og með haustinu 1967. Ákvæðum um framreikning hinna ýmsu liða framleiðslukostnaðar og kaupgjalds er breytt í samræmi við það. Enn fremur er uppsagnarfrestur framlendur frá 1. marz til 1. júní.

Um 12. gr.

Hér er um tvö nýmæli að ræða. Annað felst í því, að Búreikningaskrifstofu ríkisins er falin ýtarleg gagnasöfnun um framleiðslukostnað í landbúnaðinum í samráði við Hagstofu Íslands og Sexmannanefnd.

Þá er og gert ráð fyrir því, að Sexmannanefnd öðlist framvegis aðstöðu til þess að framkvæma sjálfstæðar rannsóknir á hverju því sviði, er verðlagningu búvöru snertir. Til þess að auðvelda framkvæmd slíkra rannsókna, þykir rétt að setja ákvæði, er skylda einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir til þess að láta þeim, er rannsóknirnar framkvæma, í té nauðsynlegar upplýsingar.

Um 13. gr.

Breyting sú, sem hér er um að ræða leiðir af því, að eftirleiðis er gert ráð fyrir því, að einfaldur meiri hluti í Sexmannanefnd nægi til ákvörðunar verðlagsgrundvallar. Eðlilegra er í því sambandi, sem hér um ræðir, að tala um Sexmannanefnd sem heild fremur en einstaka nefndarhluta.

Um 14. gr.

Þessi breyting er algjör hliðstæða við 12. brtt.

Um 15. gr.

Þar sem af aukinni upplýsingasöfnun og rannsóknnum, sem tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir að fram fari á vegum Sexmannanefndar, leiðir aukinn kostnað, þykir rétt að taka af tvímæli um það, að skylda framleiðsluráðs til þátttöku í kostnaðinum er óbreytt frá því, sem áður var.

Um 16. gr.

Lagt er til að fella niður undanþáguákvæði um heimild sauðfjárframleiðenda til að verka hangikjöt á heimilum sínum til sölu beint til neytenda. Þetta er ekki notað nú orðið og því ástæðulaust að hafa það í lögunum, enda samrýmist þetta engan veginn viðskiptavenjum nútímans.

Um 17. gr.

Lagt er til að breyta niðurlagi 1. málsgreinar þannig, að verðskráning hrossakjöts fari fram án undantekninga skv. ákvæðum 6. og 7. gr. laganna.

Á sama hátt breytist 3. töluliður greinarinnar, sem fjallar um árstíðabundnar verðbreytingar, til samræmis við ákvæði 6. og 7. gr.

Um 18. gr.

Hér er gerð sú breyting, að framleiðsluráð fær það hlutverk að viðurkenna mjólkurbú í stað ríkisstjórnarinnar og getur sett skilyrði um, hvenær mjólkursamsala skuli stofnuð á mjólkursölvæði.

Um 19. gr.

Hér er gerð sú breyting að heimilað er að taka verðjöfnunargjald af fleiri vörum en neytlumjók og getur í ýmsum tilfellum verið réttmætt að gripa til þess.

Hins vegar er felld niður að leggja skuli tekjuafgang í verðjöfnunarsjóð. Þetta er gert af því, að í reynd getur enginn tekjuafgangur myndast hjá samsölu, sem hefur fullkomna útjöfnun á verði.

Orðalag þriðju málsgreinar er gert einfaldara og auðskildara og efnisbreyting er sú, að flutningskostnað frá mjólkurbúum á sölustað er heimilað að taka með í verðjöfnun og verð til framleiðenda á mjólkursölvæði verði svipað hjá öllum mjólkurbúum viðkomandi svæðis.

Um 20. gr.

Hér eru felld niður úrelt ákvæði, sem litla eða enga þýðingu hafa eða hafa haft, um undanþágu framleiðenda innan kaupstaðamarka til að selja mjólk beint til neytenda, enda samrýmist það ekki heilbrigðissamþykktum.

Um 21. og 22. gr.

Hér eru einnig felld niður úrelt ákvæði, sem ekki hafa verið framkvæmd árum saman og eru tengd undanþáguákvæðum þeim, sem um ræðir hér að framan.

Um 23. gr.

Í ljós hefur komið á undanfórnum árum, að nauðsynlegt er að einhver aðili sé til, sem gegni því hlutverki að sætta ágreiningsmál, sem rísa í sambandi við þessi efni, og geti úrskurðað ágreininginn, ef undangengnar sáttatilaunir ekki takast. Því er þessi málsgrein upp tekin.

Um 24. og 25. gr.

Gerð er orðalagsbreyting í samræmi við þá fyrirkomulagsbreytingu, sem orðin er við það, að Grænmetisverzlun landbúnaðarins tók við garðávaxtasölu landsins í stað Grænmetisverzlunar ríkisins.

Sama er að segja um 37. gr.

Um 27. gr.

Í þessari grein felst sú breyting, að ákvæðin um rétt Framleiðsluráðs til að veita landssamtökum garðyrkjumanna og eggjaframleiðenda heilðsöluleyfi á framleiðslu sinni, eru gerð ótvíræðari en nú er í lögnum.

Um 28. og 29. gr.

Gerðar eru orðalagsbreytingar til samræmis við venjur, sem skapast hafa um framkvæmd þeirra ákvæða, sem hér um ræðir.

Um 30. gr.

Hér er gerð sú breyting, að heimilað er að taka verðjöfnunargjald af fleiri vörutegundum en nú er gert, vegna eindreginna óska, sem fram hafa komið frá viðkomandi framleiðendum.

Enn fremur er heimilað að taka verðjöfnunargjald af innveginni mjólk. Það er gert til þess, að komið verði við fullkonnari verðjöfnun.

Um 31. gr.

Breyting þessarar greinar er afleiðing af breytingu 42. gr. og þarf ekki skýringar við.

Um 32. gr.

Hér er um að ræða hækkun á sektarákvæðum, sem eðlilegt má telja með tilliti til þeirrar hækkunar á tekjum og verðlagi, sem orðið hefur síðan ákvæðin voru sett.

Um 33. og 34. gr.

Þurfa ekki skýringar við.

### 3. Sérálit Hannibals Valdimarssonar.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands ákvað, eins og kunnugt er, á s. l. hausti að afturkalla tilnefningu sína á fulltrúa í svokallaðri Sexmannanefnd og hætti þar með aðild að störfum nefndarinnar. Þessi ákvörðun var rækilega rökstudd af miðstjórn A. S. Í., og vísast til þess rökstuðnings, sjá þó síðar.

Verkefni Sexmannanefndar er svo sem kunnugt er lögum samkvæmt það að ákveða afurðaverð landbúnaðarvara til framleiðenda, svo og verð í heilðsölu og smásölu.

Nefndin skyldi þannig skipuð, að tveir nefndarmenn væru tilnefndir af stjórn Stéttarsambands bænda og einn af framleiðsluráði landbúnaðarins. Þessir þrír sem fulltrúar bænda, en aðrir þrír skyldu teljast fulltrúar neytenda, tilnefndir einn af hverjum eftirtalinna samtaka: Alþýðusambandi Íslands, Landsambandi iðnaðarmanna og Sjómannafélagi Reykjavíkur.

Síðan skyldi hagstofustjóri vera nefnd þessari til aðstoðar.

Grundvöllur fyrir starfi nefndarinnar í verðlagningarmálum landbúnaðarvara er svo það ákvæði í framleiðsluráðslögnum, að söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði skuli við það miðast, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta.

Þetta er í aðalatriðum það kerfi, sem verðlagning landbúnaðarvara hefur byggzt á.

Þegar sexmannanefndarkerfið varð óvirkt á s. l. hausti, er Alþýðusambandið sagði upp aðild sinni að því, gaf landbúnaðarráðherra út brb.lög um verðlagningu landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—1966. Í þessum brb.lögum var þriggja manna nefnd falið að fara með aðalhlutverk Sexmannanefndar. Þessir menn voru ráðuneyttisstjóri landbúnaðarráðuneytisins, forstjóri Efnahagsstofnunarinnar og framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Samkvæmt þessum bráðabirgðalögum voru framleiðsluvörur landbúnaðarins verðlagðar á liðnu hausti.

Í lok októbermánaðar s. l., fékk Alþýðusamband Íslands svo hljóðandi bréf:

„LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 21. október 1965.

Það er yfirlýstur vilji ríkisstjórnarinnar, að samstarfi verði aftur komið á milli framleiðenda og neytenda um verðlagningu landbúnaðarvara til bænda, svo og heildsöluverð og smásöluverð, og að þessir aðilar geti komið sér saman um skipan þessara mála til frambúðar.

Fyrir því vill ráðuneytið óska þess, að Alþýðusamband Íslands tilnefni nú mann af sinni hálfu til að taka sæti í nefnd, er hafi það verkefni að leita eftir samkomulagsgrundvelli milli framleiðenda og neytenda, sem afurðasölulöggjöfin yrði byggð á.

Ráðuneytið hefur farið þess á leit, að Sjómannafélag Reykjavíkur, Landssamband iðnaðarmanna, Stéttarsamband bænda og Framleiðsluráð landbúnaðarins tilnefni fulltrúa til að taka sæti í nefnd þessari, einn frá hverjum aðila, nema tveir frá Stéttarsambandi bænda.

Ingólfur Jónsson.

/Jón Sigurðsson.

Til Alþýðusambands Íslands..“

Bréfið var rætt í miðstjórn. Og þótt af upphafsorðum þess mætti ráða, að hugur ríkisstjórnarinnar stefndi í þá átt að endurreisa hið hrunda kerfi, taldi miðstjórnin ekki rétt að skorast undan að taka þátt í nefndarstarfi, er leitaði tillagna, sem ný afurðasölulöggjöf yrði byggð á.

Þess vegna var bréfi ráðherra svarað á þessa leið:

„12. nóvember 1965.

Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands þann 11. þ. m. var tekið fyrir erindi landbúnaðarráðuneytisins um tilnefningu manns til að taka sæti í nefnd, er undirbúi nýja afurðasölulöggjöf. Tilmæli ráðuneytisins voru afgreidd með svo hljóðandi samþykkt:

„Í tilefni af ummælum landbúnaðarráðherra í upphafi bréfs, dags. 28. okt. s. l., vísar miðstjórnin til fyrri afstöðu sinnar. Þó samþykkir miðstjórnin að tilnefna mann til að taka sæti í nefnd, er hafi það verkefni, að leita nýrra úræða, sem ný afurðasölulöggjöf verði byggð á.“

Samkvæmt þessu var Hannibal Valdimarsson, forseti sambandsins, kosinn í nefndina, og tilkynnist það ráðuneytinu hér með.

Virðingarfyllst,

Til landbúnaðarráðherra,

hr. Ingólfs Jónssonar, Arnarhvoli, Reykjavík.“

Fáum dögum síðar barst mér bréf landbúnaðarráðherra, þar sem ég var skipaður í nefnd, eins og þar sagði, „er hafi það verkefni að leita eftir samkomulagsgrundvelli milli framleiðenda og neytenda, sem afurðasölulöggjöfin yrði byggð á, og koma fram með tillögur í því efni.“

Af framanrituðu er ljóst, að Alþýðusambandið lét það koma skýrt fram, að það vildi eigi synja um þátttöku í nefndarstarfi, er leitaði nýrra leiða, áður en ný afurðasölulöggjöf yrði sett.

Enginn getur því verið í vafa um, að Alþýðusambandið var andvígt hinu gamla sexmannanefndarkerfi, og hóf ekki störf í hinni nýju nefnd til að endurvekja það heldur til að leita nýrra leiða til lausnar á verðlagningarmálum bænda.

Ég hef fyllstu ástæðu til að þakka ágætt samstarf í nefndinni, og alveg sérstaklega dugandi, en milda forystu Ólafs Björnssonar, prófessors, fyrir nefndarstarfinu.

Leitazt hefur verið við að afla þeirra upplýsinga og láta framkvæma þær at-  
huganir, sem nefndarmenn hafa óskað, allt innan þeirra þröngu marka, sem skamm-  
ur tími nefndarstarfsins leyfði. Reynt var einnig að afla vitneskju um, hvernig þess-  
um málum væri hagað í öðrum löndum, og þá var ekki hvað sízt lögð áherzla á að  
kynna sér allar hliðar málsins hér innanlands. Ég var sannfærður um það, er ég  
hóf nefndarstarfið, að sexmannanefndarkerfið væri óviðunandi bæði bændum og  
neytendum. Og um það er ég enn þá sannfærðari að loknum störfum í þessari  
nefnd.

Ég hef því ekki getað orðið samferða meðnefndarmönnum mínum um að end-  
urreisa hið gamla sexmannanefndarkerfi í aðalatriðum, eins og það var, þrátt fyrir  
smávægilegar breytingar, sem þeir leggja til, að á því verði gerðar.

Ég tel það hvorki til heilla horfa fyrir bændur né neytendur.

Ég rifja fyrst upp aðalrök miðstjórnar A. S. Í. frá s. l. hausti gegn áframhald-  
andi aðild að starfi Sexmannanefndar:

1. Stöðug hækkun á verðlagi landbúnaðarafurða er að mestu bein afleiðing af  
verðbólguþefnu stjórnarvalda. Á þá þróun getur sex manna nefnd engin áhrif haft.

2. Högum bænda er nú svo komið, að því fer víðs fjarri, að unnt sé á rétt-  
látan hátt að leysa ýms brýnustu vandamál þeirra — sízt af öllu hinna smærri  
bænda — með verðlagningu landbúnaðarvара einni saman, en Sexmannanefnd  
hefur ekkert vald til að fjalla um stefnuna í landbúnaðarmálum í heild.

3. Munurinn á verði því, sem bændur fá fyrir framleiðsluvörur sínar, og því,  
sem neytendur verða að greiða, er svo stórkostlegur, að ógerlegt er fyrir fulltrúa  
neytenda að bera ábyrgð á söluverði landbúnaðarvара, nema rannsakað sé ofan í  
kjölinn, hvernig þessi verðmismunur verður til.

Það var því krafa Alþýðusambandsins, að ýtarleg og hlutlaus rannsókn yrði  
látin fara fram á öllum vinnslu-, sölu- og dreifingarkostnaði landbúnaðarvара og  
það alveg sérstaklega kannað, hve mikill hluti hans stafi af fjárfestingarfram-  
kvæmdum milliliða, og hvað af beinum og óhjákvæmilegum sölu- og dreifingar-  
kostnaði.

4. Undir ríkjandi skipulagi er því ekki til að dreifa, að framleiðendur eða  
neytendur hafi úrslitaáhrif á verðákvörðun landbúnaðarvара. Í þeim efnum ræður  
ríkisvaldið úrslitum. Milliaðild verkalýðssamtakanna verður því að teljast óeðlileg,  
enda beinlínis rangt, að verkalýðssamtökin taki á sig hlutdeild í þeirri ábyrgð á  
lausn verðlagsmála landbúnaðarins, sem ríkisvaldið á, eðli málsins samkvæmt, að  
bera gagnvart bændastéttinni.

5. Þá dró það mjög úr vilja manna innan verkalýðssamtakanna til að halda  
áfram í Sexmannanefnd með þeirri ábyrgð, sem því fylgir, er forráðamenn stór-  
fyrirtækjanna, Mjólkurbús Flóamanna og Mjólkursamsölunnar, ákváðu s. l. vor að  
ganga í Vinnuveitendasamband Íslands. — Með því var alvarlegt skref stigið í þá  
átt að skipa þýðingarmiklum hagsmunasamtökum bænda í andstæðingaraðir verka-  
lýðssamtakanna og gerast fjárhagslegir styrktaraðilar þeirra gegn hagsmunum  
verkamanna.

En svo að aftur sé vikið að sexmannanefndarkerfinu vil ég undirstrika sér-  
staklega, að ég tel óeðlilegt með öllu, að samtök erfiðismanna í bæjum og kaupún-  
um séu lögskipaðir sanningsaðilar móti erfiðismannastétt dreifbýlisins, bændun-  
um. En þannig er Sexmannanefnd skipuð og þannig hefur hún starfað. Þetta er  
jafnóeðlilegt og að fulltrúum bænda væri skipað með lögum að samningaborði  
móti verkamönnum, til þess að hafa þar áhrif á launakjör þeirra til lækkunar.

Slíku mundu verkamenn auðvitað vísa á bug sem hreinni fjarstæðu. Enda er þessi samningsaðild verkalýðssamtaka gegn hagsmunasamtökum bænda hrein fjarstæða, sem mál er að linni.

Fyrir þessari afstöðu minni gerði ég allýtarlega grein í upphafi nefndarstarfsins. Jafnframt skýrði ég meðnefndarmönnum mínum frá, að ég sem fulltrúi stéttar, er nyti óskoraðs samningsréttar, svo og verkfallsréttar, væri því fylgjandi, að bændur fengju óskoraðan samningsrétt gagnvart ríkisvaldinu um launamál sín og lífskjör, ásamt rétti til framleiðslustöðvunar, ef samningar tækjust ekki og mikið bæri á milli.

Ég minntist þess frá umræðum um þessi mál á liðnu hausti, að það gekk sem rauður þráður gegnum ræður forsvarsmanna bænda á Alþingi og utan þings, að samningsréttur um verðlagningu framleiðsluvara sinna væri bændum fyrir öllu. Það versta við bráðabirgðalögin væri það, að með þeim væri bændastéttin svipt öllum samningsrétti o. s. frv.

Þegar svo Stéttarsamband bænda nokkru seinna, um miðjan desember, kvaddi til aukafundar um verðlagsmál landbúnaðarins, og krafðist óskoraðs samningsréttar, fékk ég ekki betur séð en að sú afstaða oddvita bændastéttarinnar, er þar kom fram, styddi hugmyndir mínar um lausn þessara mála.

Upphafið á ályktun Stéttarsambandsfundarins var á þessa leið:

„Aukafundur Stéttarsambands bænda, haldinn í Reykjavík 14. og 15. desember 1965, leggur áherslu á það, að við væntanlegar breytingar á löggjöfinni um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun, sölu á landbúnaðarafurðum og fleira, verði bændum tryggður að fullu samningsréttur um kjör sín. Og felur fundurinn fulltrúum sínum í sjö manna nefnd ríkisstjórnarinnar að athuga jöfnum höndum möguleika á samningum um verðlagsmálin við fulltrúa frá ríkisstjórninni, sem og fulltrúa frá öðrum aðilum.“

Það eru mér því mikil vonbrigði, að fulltrúar bænda í sjö manna nefnd hafa ekki getað fallið á tillögur mínar um óskoraðan samningsrétt bændastéttarinnar, en halda sér fast við gamla kerfið endurvakið í lítt breyttri mynd.

Ég hef spurt meðnefndarmenn mína að því, hvort þeir þekki þess dæmi í nokkru landi, að verkalýðssamtökin eigi samningsaðild gagnvart bændum um verðlagningu landbúnaðarvara.

Auðvitað hafa þeir orðið að svara því neitandi, því að til þess hefur hvergi spurzt. Er næsta ólíklegt, að það fyrirfinnist nokkurs staðar í veröldinni. A. m. k. er fullvíst, að það á sér enga hliðstæðu í nærliggjandi löndum.

Raunar liggur það í augum uppi, að fásinna er að slíta verðlagsmál landbúnaðarins úr samhengi við alla þætti í almennri landbúnaðarpólitik. Launamál bænda, þ. e. verðlagsmálin, eru óaðskiljanlegur hluti af bændapólitíkinni að öðru leyti. Gamla sexmannanefndarkerfið einangrar verðlagsmál landbúnaðarins, slítur þau úr öllu eðlilegu samhengi við önnur hagsmunamál bænda.

Stæðu fulltrúar Stéttarsambands bænda hins vegar í samningum við fulltrúa ríkisstjórnarinnar, gæti bókstaflega allt, sem landbúnað varðar, komið upp á samningaborðið engu síður en verðlagsmálin. Má þar til nefna vaxtakjör og lánstíma til landbúnaðar, tolla á tækja- og vélakosti til landbúnaðarstarfa og mýmargt annað, sem ekki gæti síður bætt hag bóndans en verðhækkun á framleiðslueiningu.

En þekkest það þá nokkurs staðar, að verð landbúnaðarvara sé ákveðið með samningum milli hagsmunasamtaka bændanna og ríkisvaldsins?

Jú, víst svo. Upplýsingar liggja fyrir um það, að í Danmörku eru þessi mál útkljáð með beinum samningum milli bændasamtaka og ríkisstjórnar.

Í Englandi eru bændum tryggðar lágmarkstekjur, er svari meðaltekjum í þjóðfélaginu. Ákveður ríkisstjórnin verðið miðað við verð á innfluttum landbúnaðarafurðum frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi. En það, sem á vantar, að meðaltekjum verði náð, greiðir ríkið sem uppbætur á sláturgrip.

Í Noregi eru bændur skipulagðir í tvennum samtökum, Norges bondelag og Norges bonde- og småbrukarlag.

Þessi samtök semja við fulltrúa úr fjármálaráðuneytinu, og hefur það skipulag gilt síðan 1947.

Til grundvallar þessum samningum liggur ákvörðun Stórþingsins um, að bændum skuli tryggðar sömu tekjur og öðrum þjóðfélagsþegnum. Um leið og samið er um verðlagið, er samið um ýmiss konar stjórn málaaðgerðir fyrir landbúnaðinn.

Til er það í Noregi, að þeim bændum, sem búa í landshlutum, þar sem landbúnaður á erfitt uppdráttar frá náttúrunnar hendi, svo sem sums staðar í Norður-Noregi, sé greitt umfram hið samningsbundna verð, svonefndar erfiðleikabætur (vanketillegg). Þá eru smábændur hvattir til að stækka bú sín, svo að þau verði hagkvæm rekstrareining, með viðbótargreiðslum frá ríkinu, „smábrukartillegg“.

Þetta virðast vera skynsamlegar aðferðir til að jafna aðstöðu landbúnaðarins og lyfta honum á arðvænlegra rekstrarstig.

Að sínu leyti er íslenska kerfið, sem engu sinnir nema verðhækkunum á framleiðslueiningu, jafnóskynsamlegt. Hvort sem mjólkinn eða kjötið er hækkað um 10 eða 20%, getur það aldrei skipt sköpum fyrir smábóndann. Hann fær í sinn hlut aðeins örlítinn hluta þeirra hundraða milljóna, sem ríkið greiðir í niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur. Það er stórbóndinn, sem bezt er settur og ekki er hjálparþurfi, sá, sem mest er búinn að rækta og stærstan hefur bústofninn, sem fær obbann af öllu því fjármagni, sem ríkissjóður greiðir til landbúnaðarins, meðan gamla verðlagskerfinu er fylgt.

Þetta er óheppilegt og óskynsamlegt af tveimur ástæðum: Smæstu búin eru óhagkvæm. Búi smábóndinn á býli, sem framtíðarskilyrði hefur, á ríkið að veita honum sérstaka aðstoð til að koma bústærðinni í hagkvæmt horf. Búi hann hins vegar á örreytiskoti, sem ekki getur talizt framtíðarbújörð, á ríkið að kaupa hana fullu verði. Til þessa hvors tveggja væri ríkisé vel varið.

Í annan stað sýna nýjustu athuganir, að bú tekur aftur að skila minna arði á framleiðslueiningu, er það hefur náð vissri stærð. — Þegar bú hefur náð þeirri stærð, ættu ríkisframlög að falla niður. Að öðrum kosti er bóndans freistað til að halda áfram bústækkun, þótt það sé bæði sjálfum honum og þjóðfélaginu óhagkvæmt. — Þannig verkar gamla kerfið, sem slítur verðlagningu framleiðslueiningar landbúnaðarvara úr tengslum við allt annað.

En eitt vil ég gagnrýna varðandi tilhögun á fjárgreiðslum til landbúnaðarins. Alkunnugt er, að í sumum héruðum landsins eru yfirburða góð skilyrði til mjólkurframleiðslu, en miður góð til sauðfjárræktar. Í öðrum héruðum er þetta öfugt, frábær skilyrði til sauðfjárræktar, en léleg aðstaða til mjólkurframleiðslu.

Í síðara tilfellinu sýnist ekki skynsamlegt, að ríkið ausi út fé til örvunar mjólkurframleiðslu, né í hinu fyrra, að ríkið ausi út milljónatugum til eflingar sauðfjárrækt. Þó er þetta gert nú, án nokkurs tillits til þess, hvað arðvænlegast sé.

Suðurlandsundirlendið liggur ótvírætt bezt við mjólkurframleiðslu. Kemur þar hvort tveggja til, ræktunarskilyrði og markaðsaðstaða. En hins vegar eru skilyrði til sauðfjárræktar í þessum landshluta miklu örðugri af ýmsum ástæðum.

Þó er búskaparháttum á þessum slóðum þannig lýst í Árbók landbúnaðarins 1965 — í yfirlitsgrein, er nefnist „Landbúnaðurinn 1964“:

„Mjólkurframleiðslan hefur farið minnkandi í næsta nágrenni Reykjavíkur, Gullbringu- og Kjósarsýslu, og aukizt hægt á Suðurlandsundirlendinu og í Borgarfirði, en á Norðurlandi hefur orðið mikil og hröð framleiðsluaukning. . . . . Þó virðist sem það muni enn halda áfram, að mjólkurframleiðslan fari þverrandi í næsta nágrenni Reykjavíkur, þ. e. Gullbringu- og Kjósarsýslu. En á Suðurlandsundirlendinu sýnist vera í undirbúningi talsvert mikil aukning mjólkurframleiðslunnar . . .“.

„Hins vegar eru þar nú allir hagar fullsetnir sauðfé og aukning sauðfjárafurða orðin örðug, nema með því að beita sauðfénu á ræktað land, tún og fóðurkálsakra, en ólíklegt er, að slík beit henti eins vel sauðfé sem nautgripum.“

Mundi það ekki tvímælalaust stuðla að aukinni hagkvæmni í búskaparháttum og spara ríkisfé, ef landinu væri skipt í framleiðslusvæði, og uppbótum frá ríkinu umfram eðlilegt framleiðsluverð beint til örvunar þeirra búgreina, sem bezt skilyrði hafa á hverju svæði.

Einn er sá meginókostur enn við sexmannanefndarkerfið, eins og það hefur verið í framkvæmd. Hann er sá, að byggt hefur verið á allsendis ófullnægjandi upplýsingum um framleiðslukostnað, vinnutíma bænda, og þó alveg sérstaklega um vinnslu-, dreifingar- og sölukostnað landbúnaðarvara. En síðan á að byggja samningabóf á þessum veika grundvelli. Má nærri geta, að niðurstaða hlýtur að verða nokkuð tilviljanakennnd, þegar svo er á sandi byggt.

Allir nefndarmenn hafa verið sammála um, að úr þessu verði að bæta. Tel ég tillögur meiri hlutans um aðstöðu Sexmannanefndar til gagnaöflunar og sjálfstæðra rannsókna vera mjög til bóta, en þó engan veginn fullnægjandi.

Koma þarf á fót fastri stofnun, er annist alhliða kjararannsókn varðandi landbúnaðinn, svo að verðlag landbúnaðarvara yrði að mestu og helst að öllu leyti útkoma úr reikningsdæmi.

Samkvæmt ósk minni gerði Helgi Ólafsson, hagfræðingur, nokkra athugun fyrir nefndina á kostnaði við vinnslu og dreifingu mjólkur. Segir hann, að ógerlegt sé af könnun reikninga fyrirtækja einna saman að gera viðhlítandi athugasemdir við einstaka liði rekstrarkostnaðarins. Til þess þurfi ýtarlegri rannsóknir og tímafrekari en svo, að þær hafi verið unnt að framkvæma á svo stuttum tíma.

Nokkurn samanburð gerði Helgi Ólafsson á hæstu og lægstu gjaldaliðum mjólkurbúa á hvern lítra innveginna mjólkur. Kemst hann að þeirri niðurstöðu, að furðumikill munur sé á hliðstæðum kostnaðarliðum, og reynir að finna skýringar á honum, en segir síðan:

„Þrátt fyrir ofangreindar athugasemdir, er mismunurinn á sumum liðum, eins og t. d. vinnulaunum, svo mikill sums staðar, að telja verður það rannsóknarefni út af fyrir sig.“

Til að auðvelda samanburð á reikningum mjólkurbúanna í framtíðinni, þyrfti að samræma þá með því að færa bókhald þeirra allra í nýttizku form, þar sem sundurliðun yrði sú sama fyrir öll búin. Einnig væri æskilegt, að einn aðili endurskoðaði bókhald allra búanna til að fylgja samræminu eftir.

Þess er að lokum rétt að geta, að Helgi telur meðaldreifingarkostnað mjólkur hér vera að krónutölu ýmist svipaðan eða lægri en í þeim Evrópulöndum, sem tekin voru til samanburðar. Þó er hann nokkru lægri í Noregi en hér.

Engin könnun hefur farið fram á vinnslu-, sölu- og dreifingarkostnaði kjötvara. Er því brýn þörf á ýtarlegri rannsókn á milliliðakostnaði landbúnaðarvara hér á landi.

Þess skal að lokum getið, að ég hef bæði persónulega og í nafni miðstjórnar Alþýðusambands Íslands andmælt því, að Alþýðusambandið verði áfram burðarás í hinu endurreista sexmannanefndarkerfi, það muni ekki notfæra sér tilnefningaréttinn. En þótt undarlegt megi virðast, hefur meiri hluti nefndarinnar ekki tekið þessi mótmæli til greina, og setur nafn þess samt sem áður inn í 5. grein sem tilnefningaraðila í Sexmannanefnd, ásamt Landssambandi iðnaðarmanna og Sjómannafélagi Reykjavíkur.

Tillögur mínar eru í aðalatriðum þessar:

1. Komið verði á fót kjararannsóknarstofnun landbúnaðarins, er skipuð sé tveimur fulltrúum Stéttarsambands bænda og tveimur, er ríkisstjórnin tilnefnir.
2. Bændum skulu með lögum tryggðar lágmarkstekjur, er eigi séu lægri en meðaltekjur opinberra starfsmanna.
3. Stéttarsamband bænda fái með lögum viðurkenndan óskoraðan samningsrétt fyrir hönd bænda um afurðaverð og launakjör.

Takist samningar ekki, skal stjórn Stéttarsambands bænda leggja tillögur sínar um verð á framleiðslueiningu fyrir alla bændur, og skoðast tillagan samþykkt fáí hún 75% greiddra atkvæða, enda taki a. m. k. 50% atkvæðisbærri bænda þátt í atkvæðagreiðslunni.

Hannibal Valdimarsson.

#### 4. Breytingartillaga Sæmundar G. Ólafssonar við 4. gr. framleiðsluráðslaganna.

Punktur falli niður á eftir orðunum: ... annarra vinnandi stétta  
Þar næst komi:

, skal því í verðlagsgrundvelli, sbr. ákvæði 6. gr., tilfæra ársvinnutíma bónda og aðkeypta vinnu á búi af þeirri stærð, sem miðað er við að hverju sinni, og virða vinnutíma til samræmis við kaupgjald verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, eins og það er við upphaf hvers verðlagstímabils; eigi skal þó taka til viðmiðunar ákvæðisvinnu verkamanna og iðnaðarmanna né aflahlut sjómanna.

#### Greinargerð.

Samkvæmt 4. grein framleiðsluráðslaganna skal „söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta.“ Hið almenna orðalag greinarinnar gefur sex manna nefndinni mikið svigrúm í ákvörðun launaliðarins, en honum hefur frá upphafi verið skipt í „Laun bónda“ og „Laun verkafólks hans“. Á fyrstu starfsárum sínum ákvað sex manna nefnd bóndanum 2730 vinnustundir á ári með almennum kauptaxta Dagsbrúnar án orlofs eins og hann var í lok verðlagsársins. Viðmiðunarbúið var þá miklu minna heldur en það viðmiðunarbú, sem síðast var notað við verðlagninguna. Árið 1949 og jafnan síðan hefur Hagstofa Íslands reiknað út launaúrtak giftra manna úr „öðrum vinnandi stéttum“, þ. e. verkamanna-, iðnaðarmanna- og sjómannastéttunum í Reykjavík, kaupstöðunum og nokkrum kaupþúnum.

Meðan eftirspurn eftir vinnuafli var minni en framboðið á vinnumarkaðnum, voru niðurstöður úrtaksins oftast lægri heldur en tímakaupsútreikningurinn. Árið 1957 og síðar tók sex manna nefnd þann kost að semja um kaupgjaldslið grundvallarins með hliðsjón af úrtaksniðurstöðunum og tímakaupsútreikningnum. Árið 1961 náði sex manna nefnd ekki samkomulagi um verðlagsgrundvöll og fór málið því til yfirnefndar. Meiri hluti yfirnefndar ákvað kaup bóndans í samræmi við launaúrtakið úr Reykjavík fyrir árið 1960 og færði það fram samkvæmt breytingu Dagsbrúnarkaupts frá haustinu 1960 til haustsins 1961, en Reykjavíkur-úrtakið var þá nokkru lægra en landsúrtakið. Einar Gíslason, sem þá var fulltrúi neytenda í yfirnefnd, mótmælti því, að kaup bóndans væri ákveðið á þennan hátt og lét bóka eftirfarandi:

„Fulltrúi neytenda mótmælir hverri hækkun á launalið bóndans, sem ekki er hægt að rekja til taxtahækkunar hjá öðrum vinnandi stéttum eða til aukins vinnu-magns bóndans vegna stækkaðs bús.“ Með bókun þessari markaði Einar Gíslason afstöðu fulltrúa neytenda í sex manna nefnd til ákvörðunar á kaup bóndans í verðlaesgrundvellinum.

Árið 1963 kom verðlagningin aftur fyrir yfirnefnd og var kaup bóndans þá ákveðið á líkan hátt og árið 1961, gegn andstöðu fulltrúa neytenda í nefndinni, Sæmundar Ólafssonar, sem lét bóka eftirfarandi: „Fulltrúi neytenda mótmælir þeirri aðferð, sem þessi upphæð er fundin eftir (þ. e. kaup bóndans) og vísar til bókunar fulltrúa neytenda í yfirnefnd haustið 1961 þar um.“

Af framansögðu er ljóst, að fulltrúar neytenda hafa ávallt verið mjög andvígir því að ákveða launalið verðlagsgrundvallarins í samræmi við launaúrtak Hagstofu Íslands.

Það er ekki réttmætt að hækka kaup bænda vegna þess, að viðmiðunarstéttirnar hafa lengt vinnudag sinn úr hófi, eða vegna þess, að einhver hluti manna úr viðmiðunarstéttunum taki laun samkvæmt ákvæðisvinnu, sem gefur þeim því aðeins hærri laun heldur en umsamið tímakaup, að þeir ráði yfir mjög mikilli verktækni og þjálfun og vinni með miklum vinnuhraða. Árstekjur hlutasjómannanna eru mjög misjafnar og veltur þar á ýmsu um fjárhagsafkomuna allt frá lágri kauptryggingu upp í mjög háar árstekjur einstök ár. Hlutasjómenn hafa ótakmarkaðan vinnutíma, þegar vel aflast, og óþægilegt líf og aðbúð. Tímabundin velgengi fiskimanna, sem leggja líf sitt og heilsu að veði í æðisgengnu kapphlaupi um aflann, oft við tvísýnar og erfiðar aðstæður, getur ekki gefið þeim þjóðfélagsþegnum, sem hafa sitt á þurru, minnsta rétt til launahækkana.

Við húreksturinn verður bóndinn og verkafólk hans að vinna ákveðinn vinnustundafjöldi á ári. Þessi nefnd leggur til að bætt verði öll aðstaða til upplýsingasöfnunar með það fyrir augum, að sex manna nefnd gefist kostur á að starfa á haldbetri grundvelli hér eftir en hingað til. Bætt upplýsingasöfnun á meðal annars að auðvelða ákvörðun um vinnumagnsþörf við framleiðslu búvöru. Ágreiningsefnin í sex manna nefnd munu vissulega verða mörg á næstu árum, og er því brýn nauðsyn, að löggjafinn skeri úr um það, hvort „laun bóndans“ eigi að ákvarða á grundvelli skattframtalsupplýsinga um árstekjur viðmiðunarstéttanna eða hvort miða beri við, að bóndinn og verkafólk hans beri úr býtum kaup, tíma- eða vikukaup, sem sambærilegt er við kaup annarra vinnandi stétta.

Það er ástæða til að benda á, að verðlagsákvörðun landbúnaðarvöru, miðað við bú af tiltekinni stærð (vísitölubú), er í eðli sínu sambærileg við ákvörðun ákvæðisvinnutaxta. Á sama hátt og ákvæðisvinnumanninum er tryggt umsamið tímakaup fyrir tiltekin afköst á tíma, fyrir múrhúðun á tilteknum fleti, o. s. frv., þá er bóndanum tryggt ákveðið kaup miðað við framleiðslu á tilteknum fjölda mjólkurlíttra o. s. frv.

Að vísu er málið nokkru flóknara, þegar ákveða skal verðlag á búvörum, því þá þarf einnig að áætla annan rekstrarkostnað en vinnuframlagið, en grundvallarsjónarmið eru þau sömu. Af þessu leiðir að viðmiðunin á að vera kauptaxtar viðmiðunarstéttanna, en ekki breytilegar árstekjur þeirra vegna lengri eða styttri vinnutíma, vegna ákvæðisvinnu einstakra manna í úrtakinu eða vegna mismunandi góðra aflaára.

## 5. Tillögur frá Sæmundi G. Ólafssyni um breytingu á 12. gr. framleiðsluráðslaganna, ásamt greinargerð hans.

12. gr., 2. mgr.

Í stað orðanna „Útflutningi landbúnaðarvara“ komi: „útflutningi sauðfjár- og nautgripaafurða“ og

í stað orðanna „heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar“ komi: „heildarverðmæti sauðfjár- og nautgripaafurða framleiðslunnar“.

Við greinina bætist:

Ekki skal greiða meira en 100% útflutningsuppbætur fyrir hverja sérgreinda vörutegund. Útflutningsuppbætur fyrir sérgreinda vörutegund, sem hærri eru en 100% fyrir yfirstandandi verðlagsár, skal lækka í fimm jöfnum áföngum verðlagsárin 1966—67 til 1970—71 niður í 100%.

Á verðlagsárinu 1966—67 skal hámarksskuldbinding ríkissjóðs vegna útflutningsuppbóta vera 200 m.kr., og lækka næstu sjö verðlagsár um 20 m.kr. hvert ár, nema ákvæði 2. málsg. þessarar greinar ákvarði lægri upphæð.

### Greinargerð.

Gildandi lög kveða ekki á um, hvað telja eigi til „heildarverðmætis landbúnaðarframleiðslunnar“.

Hér er lagt til að miðað sé við heildarverðmæti nautgripa- og sauðfjárbúskaparins, enda er verðlagning þessara afurða það, sem úrslitapýðingu hefur fyrir íslenska bændur.

Sé miðað við verðlagsgrundvöll haustið 1965 sést þetta greinilega.

#### Verðlagsgrundvöllur 1965—66:

	1000 kr.
Afurðir af nautgripum .....	176,3
— — sauðfé .....	131,0
— — hrossum .....	3,9
Kartöflur .....	6,5
Aukabúgreinar .....	10,9
Launatekjur utan bús .....	11,7
	<hr/>
	340,3

Þar sem skýr lagaákvæði voru ekki fyrir hendi, var á sínum tíma, þegar ákveða átti 10% hámarkið, sem útflutningsuppbótaskylda rikissjóðs er miðuð við, gripið til þeirra ráða að miða við upptalningu landbúnaðarskýrslna Hagstofunnar, en þar er talið verðmæti ýmsrar framleiðslu, sem er þeim verðlagsmálum landbúnaðarins, sem hér er fjallað um, að öllu óskyld.

Fyrir árið 1963, svo dæmi sé tekið, lítur þetta þannig út:

#### Búnaðarskýrslur, verðmæti landbúnaðarframleiðslunnar árið 1963:

	M.kr.
Verðmæti nautgripaafurða .....	670,9
— sauðfjárafurða .....	560,7
— afurða af hrossum .....	24,7
— afurða af geitum, svínunum, loðdýrum og alifuglum	57,3
— garð- og gróðurhúsaafurða (kartöflur, rófur, tómatar, blóm o. fl.) .....	86,7
Tekjur af hlunnindum .....	45,0
	<hr/>
	1 445,5

Færa mætti ýmis rök með eða á móti því að telja einnig verðmæti afurða af hrossum og verðmæti kartöfluuppskeru bænda. Hér er lagt til, að þetta verðmæti sé ekki meðtalið, og er þá aðallega litið til þess, að hrossarækt og kartöflurækt hefur ekki sérstaka þýðingu, nema fyrir fáa bændur.

Útflutningsuppbótakerfið var á sínum tíma sett til þess að tryggja bændum sama verð fyrir útfluttar afurðir og þeim var tryggt á innlendum markaði. Augljóst er, að slíkri allsherjarverðtryggingu án tillits til þess verðs, sem kaupendur — í þessu tilfelli hinir erlendu kaupendur — vilja greiða fyrir vöruna, verður að setja einhver takmörk, og að stefna beri að því, að þýðingarmikil atvinnugrein, landbúnaðurinn, standi á eigin fótum, en þurfi ekki að sækja sívaxandi styrki í rikissjóð.

Hjálögð tafla sýnir, hvert stefnt hefur frá því, að þetta kerfi var tekið upp. Á sex árum hafa útflutningsstyrkir tifoldast og hefðu, ef bændur ættu að fá fullt verð, þurft að tólfaldast. Á þessari braut má ekki halda áfram.

**Þær tillögur, sem hér eru gerðar um hámarksuppbætur fyrir hverja vörutegund, og um árlega lækkun þeirrar heildarfúlgu, sem greiða má í útflutningsbætur, stefna að því að þrýsta þeim útflutningi landbúnaðarafurða, sem nauðsynlegur þykir á hverjum tíma, inn á brautir, er þarfnast minnkandi tillags úr sameiginlegum sjóðum þjóðfélagsins.**

**Sæm. G. Ólafsson.**